

**Nd.**

**17. Frumvarp til laga**

[17. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Sigurður Ingimundarson, Matthías Á. Mathiesen.

**1. gr.**

Orðin „allt að þrem“ í 3. málsgr. 35. gr. laganna falli burt.

**2. gr.**

Orðin „allt að þrem“ í 4. málsgr. 50. gr. laganna falli burt.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Svo hljóðandi grg. fylgdi þá með frv.

„Sú breyting, sem farið er fram á, að gerð verði á almannatryggingalögum, er, að greiddir verði sjúkradagpeningar og slysabætur með öllum börnum bótaþega, en ekki aðeins þremur fyrstu börnunum, eins og lögini mæla nú fyrir um.

Þessi takmörkun á greiðslum til þeirra bótaþega, er njóta sjúkra- og slysabóta, er sennilega komin í lögini fyrir misskilning. Í frumvarpi að tryggingalögum, sem lagt var fyrir Alþingi 1945, segir svo í 31. gr., að foreldrar eigi rétt á fjölskyldubótum, „sem hafa á framfæri sínu 4 börn eða fleiri“. Í 3. mgr. 42. gr. frumvarpsins segir: „Þegar sjúkrabætur eru greiddar (þ. e. sjúkradagpeningar til fullorðinna einstaklinga), er auk hinna venjulegu fjölskyldubóta samkv. 30.—32. gr. einnig greitt með þremur fyrstu börnunum í hverri fjölskyldu.“ Ákvæðin um slysabætur er að finna í 55. gr. frumvarpsins og eru efnislega eins. Þessi ákvæði frumvarpsins urðu að lögum um almannatryggingar, nr. 50 frá 7. maí 1946, en þar eru ákvæðin um fjölskyldubætur í 30., 31. og 32. gr. laganna, um sjúkrabætur í 40. gr. og um slysabætur í 53. gr.

Samkvæmt þeim ákvæðum, sem rakin hafa verið, er augljóst, að ætlunin var að ívilna þeim, sem urðu óvinnufærir vegna sjúkdóma eða slysa, þar sem þeir fengu fjölskyldubætur með öllum börnum sínum, en aðrir aðeins með fjórða barni og þar fram yfir. Nú eru greiddar fjölskyldubætur með öllum börnum, og er þegar af þeirri ástæðu ranglátt að takmarka greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga við aðeins 3 börn. Auk þes má benda á, að ætlun löggjafans mun vera, að bótaþegar sjúkra- og slysabóta njóti ekki minni bóta en öryrkjar, en öryrkjar eiga rétt á barnalífeyri fyrir öll sín börn.

Útgjaldaaukning vegna þessara breytinga er hverfandi lítil. Hér er fyrst og fremst um sanngirnismál að ræða, sem þeir, er vinna við framkvæmd tryggingalaganna, hafa áhuga á að fá framgengt.